

Nd.

626. Breytingartillaga

[223. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Gunnari Thoroddsen.

Við 1. gr. 2. mgr. 1. másl. orðist svo:

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, félaga, fyrirtækja eða einstaklinga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi byggingaraðili ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 og íbúar viðkomandi sveitarfélags ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir.